

stjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 155/2000, um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun.

1. gr.

Nýr viðauki kemur í stað viðauka reglugerðarinnar, sbr. fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, svo og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Höfð er hliðsjón af VI. viðauka tilskipunar 2000/32/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.

VIÐAUKI

A-hluti.

Staðlar fyrir umbúðir búnaðar öryggislokum:

1. Endurlokanlegar umbúðir

Endurlokanlegar umbúðir búnaðar öryggislokum sem börn geta ekki opnað, skulu vera í samræmi við ISO-staðal 8317 (útgáfa frá 1. júlí 1989) um „Umbúðir sem eru þannig að börn geti ekki opnað þær – Kröfur og aðferðir við prófun á endurlokanlegum umbúðum“ samþykkt af Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO).

2. Umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar

Umbúðir, sem eru ekki endurlokanlegar, búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað, skulu vera í samræmi við CEN-staðal EN 862 (útgáfa frá mars 1997) um „Umbúðir sem eru þannig að börn geti ekki opnað þær – Kröfur og aðferðir við prófun á umbúðum sem eru ekki endurlokanlegar“, samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu (CEN).

Einungis rannsóknarstofur sem fylgja staðli númer ÍST EN 45 000 geta vottað að ofangreindum stöðlum sé fylgt.

Sérstök tilvik:

Ekki þarf að framkvæma ofangreinda prófun ef augljóst er að umbúðirnar eru þannig að börn geti ekki komist í innihaldið án þess að nota til þess áhald.

Í öðrum tilvikum, þegar gildar ástæður eru til að draga í efa að um barnhelt öryggislok sé að ræða, geta eftirlitsaðilar farið þess á leit við þann sem er ábyrgur fyrir dreifingu efnisins eða vörunnar að hann leggi fram vottorð frá rannsóknarstofu eins og lýst er hér að ofan, sem annaðhvort staðfestir:

- að lokið sé þannig að ekki sé nauðsynlegt að prófa það í samræmi við ofangreindan ISO-staðal, eða

- að lokið hafi verið prófað og reynst vera í samræmi við ofangreindan staðal.

B-hluti.

Áþreifanleg viðvörun um hættu er upphleyptur þríhyrningur og skal útfærslan samræmast staðli númer ÍST EN ISO 11683:1997 (útgáfa frá 20. apríl 1997) um áþreifanlega viðvörun um hættu.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjanesbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Reykjanesbæjar.

2. gr.

Með almannafæri er átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota, og eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn, bryggjur o.fl.

3. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglumanna.

4. gr.

Á almannafæri má eigi viðhafa háttsemi, sem truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

5. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun tækja og annars þess háttar, á eða við almannafæri,